



19. maí 2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvarp til laga um sjúkratryggingar

Inngangur

Félag nýrnasjúkra þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að gera athugasemdir við frumvarpið. Farið hefur verið yfir frumvarpið og eru athugasemdir okkar frekar almenns eðlis um efni frumvarpsins fremur en athugasemdir við einstakar greinar.

Það má segja að megin athugasemdir okkar séu fyrst og fremst við þætti sem ekki eru í frumvarpinu eða ekki nægilega skýrar að okkar mati.

Hagræðing - Bætt þjónusta

Í frumvarpinu kemur skýrt fram að tilgangur þessara breytinga og hinnar nýju stofnunar er að ná fram hagkvæmni í vinnubrögðum og skilvirkni á innkaupum.

Félag nýrnasjúkra hvetur til þess að jafnframt verði ævinlega haft í huga að bæta þjónustuna og skilvirkni eins og hún snýr að notendum eða skjólstæðingum stofnunarinnar.

Við höfum áhyggjur af því að í sumum tilfellum sé verið að flækja mál gagnvart neytendum með þessum breytingum.

Við leggjum áherslu á að stefnt skuli að því að þjónustan verði betri og öll á einum stað.

Greiðslupáttaka örykja verði ekki aukin

Það er ekki ljóst samkvæmt frumvarpi þessu hver greiðslupáttaka örykja verður eftir þessar breytingar.

Félag nýrnasjúkra leggur megin áherslu á að greiðslupáttaka örykja, langveikra og ellilífeyrispega aukist ekki við þessar breytingar. Við óskum eftir að tekin verði af öll tvímæli um það.

Réttindi endurhæfinga lífeyrisþega verði tryggð

Það er ekki ljóst við lestur þessa frumvarps hver staða sjúklinga með endurhæfingalífeyri verður eftir þessa breytingar. Við teljum að þeir aðilar hafi gleymst þegar unnið var að þessu frumvarpi. Þeir hafa til þessa haft svipaða stöðu og öryrkjar og ellilífeyrisþegar og við teljum mjög mikilvægt að staða þeirra raskist ekki við þessar breytingar.

Tryggt sé að þjónustan sé á einum stað

Það er mikilvægt fyrir langveika, öryrkja og aldraða að þjónusta af þessum toga verði öll til staðar á einum stað. Það á ekki síður við um þá sem búa utan við höfuðborgarsvæðið.

Ferðir til að sækja þjónustu eru mörgum bótapegum nægilega erfiðar þó að ekki sé verið að flækja málin og senda fólk á marga staði.

Slysatryggingar - öryrkjar haldi rétti sínum

Slysatryggingar verða, að því best verður sérð, enn um sinn hjá Tryggingastofnun ríkisins. Það er ekki ástæða til að gera athugasemdir við það. Þar eiga þær líklega best heima.

Öryrkjar hafa rétt til sjúkratrygginga og það er mikilvægt að þau réttindi falli ekki niður við þessar eða aðrar hugsanlegar breytingar.

Það er einnig ástæða til að hvetja þingmenn til að endurskoða vel lög um slys, vinnuslys og skaðabótalög sem þeim tengjast, þó að það tengist þessu máli ekki beint.

Stjórnin

Það er umhugsunarefni hvort stofnun af þessum toga þurfi sérstaka stjórn, en ef það er niðurstaðan þá hlýtur það vekja upp spurningar um hvernig hún skuli samsett og þá einnig fulltrúar hverra ættu að eiga þar sæti og hverjir ættu að tilnefna þá.

Sjónamið hverra munu þá ráða stefnumótuninni, hagræðingar og peningasjónarmið eða mun áherslan á þjónustuna og þarfir skjólstaðinganna einnig fá hljómgrunn?

f.h. Félags nyrmasjúkra



Jörunn Sörensen formaður